



BARNAVERNDARSTOFA

Forstöðumaður meðferðar- og skólaheimilis á Suðurlandi

Á næstunni mun Barnaverndarstofa hefja rekstur meðferðarheimilis fyrir unglunga að Geldingalæk á Rangárvöllum. Meðferðin er ætluð unglungum sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda þegar önnur stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga hafa ekki skilað árangri eða eru talin ófullnægjandi. Áhersla verður lögð á þátttöku foreldra og fjölskyldu í meðferðinni, þjálfun í félagsfærni og sjálfsstjórn, nám og starfshæfni, sem og undirbúning fyrir heimkomu að lokinni vistun.

Forstöðumaður meðferðarheimilisins heyrir undir Barnaverndarstofu en ber ábyrgð á starfsmannahaldi, meðferðarstarfi, daglegum rekstri og samskiptum heimilisins út á við. Forstöðumaður vinnur í nánú samstarfi við barnaverndarnefndir, Meðferðarstöð ríkisins að Stuðlum og aðra lykilaðila í meðferð fjölskyldu og barns.

Barnaverndarstofa leitar eftir einstaklingi í fullt starf sem getur veitt slíku heimili forstöðu og tekið þátt í að undirbúa og móta starfsemina.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á uppeldis, félags- eða heilbrigðissviði
- Reynsla af meðferð barna með alvarlegan hegðunarvanda og fjölskyldna þeirra
- Áhugi og færni í að beita viðurkenndum aðferðum svo sem atferlismótun, hugrænni atferlismeðferð, þjálfun í félagsfærni (ART), fjölskylduráðgjöf og -meðferð
- Æskileg reynsla af stjórnun og rekstri
- Lögð er áhersla á samskiptahæfni og einstaklingsbundna þætti sem að mati Barnaverndarstofu nýtast í starfi

Umsóknarfrestur er til 13. febrúar 2010. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í mars eða apríl. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Barnaverndarstofu við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknum skal skila til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Einnig má skila umsóknum rafrænt (halldor@bvs.is).

Nánari upplýsingar veitir forstjóri Barnaverndarstofu eða Halldór Hauksson sviðsstjóri í síma 530 2600.

Barnaverndarstofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum og framlengja umsóknarfrest ef umsækjendur uppfylla ekki skilyrði. Öllum

umsóknnum verður svarað skriflega þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.